

Stjórnarfundur Myndlistarmiðstöðvar

2. apríl 2025

Kl. 11:30

Austurstræti 5

Boðuð á fund:

Elísabet Gunnarsdóttir, formaður, tilnefnd af listasöfnum

Pétur Thomsen, ritari, tilnefndur af Samtökum íslenskra myndlistamanna

Örn Alexander Ámundason, tilnefndur af Samtökum listamannarekinna myndlistarrýma

Aðalheiður L. Guðmundsdóttir, tilnefnd af Listfræðafélaginu

Ingibjörg Sigurjónsdóttir, tilnefnd af Menningarmálaráðherra

Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður Myndlistarmiðstöðvar

Fundardagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
Fundargerðin lesin yfir til upprifjunar og samþykkt.
2. Tillaga að starfslýsingu

Formaður stjórnar fer yfir tillögu að starfslýsingu forstöðumanns og kynnir þær breytingar sem hún leggur til. Formaður leggur til að gera einnig starfsreglur stjórnar og forstöðumanns, að fyrirmynd Tónlistarmiðstöðvar. Formaður mun senda drög á stjórn.

3. Hvað getur MM gert til að hjálpa myndlistarmönnum að kynna sig og veita betri upplýsingar um sig og verk sín. Hvaða ráðgjöf sem þetta varðar á frekar heima hjá öðum en MM?

Lagt til að gera gátlista/leiðbeiningar fyrir listamenn. Til dæmis gátlista fyrir vinnustofuheimsóknir, gátlista fyrir upplýsingar á heimasíðu o.s.fv. Hugsanlega eru þetta verkefni sem eiga líka heima hjá SÍM.

4. Vinnustofuheimsóknir: Heimsóknir íslenskra sýningarstjóra til listamanna á Íslandi. Hvernig framkvæmd?

Rætt um hvernig væri hægt að gera áttak í vinnustofuheimsóknum til listamanna með það að markmiði að vinnustofuheimsóknir væru almennari og eðlilegri hluti af starfi listamanna.

Hugmynd um að stofna til átaksviku eða hátíðar þar sem skipulagðar væru vinnustofuheimsóknir. Fengnir væru margir sýningarstjórar og stór hópur listamanna til að taka þátt.

Mögulega væri hægt að fá sýningarstjórana til að skila inn ör texta og mynd, um eitt verk þeirra sem þau hitta.

Einnig rætt um að hafa portfolio review/ ör stefnumót. Og þá líka bjóða upp á vefviðtöl.

Forstöðumaður leggur til að við byrjum á 3ja daga átaki. Fengnir verða 10 sýningarstjóra til að taka þátt. Ásamt hópi af listamönnum.

5. Tímaritið Myndlist á Íslandi og efnisleg umfjöllun á vegum MM

Forstöðumaður segir frá vinnunni við tímaritið. Unnið er að gerð ritstjórnarstefnu.

Rætt um hvernig bæta mætti tímaritið. Meðal annars að gera það þematengdara. Einnig að gerð væri góð grein fyrir starfsemi á landsbyggðinni í tímaritinu. Gott væri ef tímaritið gæfi betri hugmynd um listasenuna á Íslandi á því ári sem tekið er fyrir í blaðinu. Rætt um að nota heimasíðu blaðsins til að gefa oftar út efni og jafnvel gagnrýni á sýningar.

6. Önnur mál

Stjórn ræddi stöðuna á vinnu við endurskoðun á Listskreytingasjóði.

Rætt um hvernig væri hægt að auka umfjöllun í fjölmiðlum um myndlist. Verið er að undirbúa málþing um málefnið sem haldið verður fljótlega.

Forstöðumaður segir frá góðum gangi undirbúnings á þátttöku í Feneyjartvíæringnum 2026.

Rætt um hvort MM ætti ekki að standa að tilnefningum til Fálkaorðunnar.

Ákveðið að Ársfundur fulltrúaráðs Myndlistarmiðstöðvar verði haldinn 14. maí klukkan 15:00.

Næsti fundur ákveðinn 7. maí klukkan 9:00.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 13:30